



HRUNAMANNAHREPPUR

43. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 10. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 2. OKTÓBER 2013

KL. 10.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 2. október 2013 kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 10.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, erindi frá Velferðarráðuneytinu um sameiningu heilbrigðisstofnana og málefni sjúkraflutninga á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Gjaldskrá gatnagerðargjalda á Flúðum. (Seinni umræða)
2. SASS þing: Kosning fulltrúa.
3. Umhverfisstofnun: Samræmd flokkun heimilisúrgangs, könnun.
4. Bakkatúnsvegur: Hugmyndir að deiliskipulagsbreytingum.
5. Þjónustusamningur um snjómokstur.
6. Sameiginlegt tækni svið í uppsveitum: Endurskoðun samnings.
7. Motus: Endurnýjun á samningi um innheimtuþjónustu.
8. Málefni Kjalarsvæðisins.
9. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að afloknu fæðingarorlofi.
10. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjur af orkuauðlindum.
11. Leppistungur: Leigusmaningur við Suðurnesjadeild ferðaklúbbsins 4x4.
12. Umhverfisstofnun: Fyrirhuguð friðlýsing Gýggjarfossvirkjunar.
13. Ár Fjalla-Eyvindar.
14. Breytingar í sveitarstjórn: Lausnarbeiðni.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. Veitustjórn: 28. fundur nefndarinnar frá 23. september s.l.
16. Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar vegna Undralands frá 30. september s.l.
-liggur frammi á fundinum-
17. Skólanefnd: Fundargerð 24. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. september s.l.
-liggur frammi á fundinum-
18. Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar vegna æskulýðsmála frá 30. september s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

19. Vinnuhópur um safnamál í Uppsveitum Árnassýslu. Fundur frá 24. júní s.l.
20. 63. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 19. september s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 22. ágúst til 18. september 2013.
Mál nr. 8: Afgreiðslur byggingafulltrúa
Mál nr. 10: LB_Miðfell 1 lóð 2 lnr. 200316
Mál nr. 19: Dsk Ásgarði Kerlingarfjöllum – hálendismiðstöð
21. Svæðisskipulagsnefnd: Fundargerð svæðisskipulagsnefndar vegna svæðisskipulags Uppsveita frá 9. september s.l.
22. Velferðarnefnd Árneshvíls: 18. fundur Velferðarnefndar Árneshvíls frá 25. júní s.l.
23. Velferðarnefnd Árneshvíls: 19. fundur Velferðarnefndar Árneshvíls frá 28. ágúst s.l.
24. Velferðarnefnd Árneshvíls: 20. fundur Velferðarnefndar Árneshvíls frá 25. september s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 469. fundar stjórnar frá 20. september.

Kynningarmál:

- b. Tónsmiðja Suðurlands: Nemendalisti.
- c. Tónlistarskóli Árneseinga: Nemendafjöldi.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 808. fundar stjórnar frá 13. september s.l.
- e. Fjármála og efnahagsráðuneytið: Óskað eftir tilnefningum til nýsköpunarverkefna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.
- f. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 14. stjórnarfundar frá 28. ágúst.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Skjalavarsla sveitarfélaga.
- h. Landsnet: Þjóhagslegt gildi uppbyggingar flutningskerfis Landsnets.
- i. EBÍ: Ágóðahlutagreiðsla 2013.
- j. Markaðsstofa Suðurlands: Framvinduskýrsla.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samningar sveitarfélaga og Fjöflís.
- l. Menntamálaráðuneytið: Könnun vegna sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.
- m. Innanríkisráðuneytið: Lögfesting Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Fundir framundan:

- n. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2. október.
- o. Fjármálaráðstefna sveitarfélanna 3.-4. október.
- p. Héraðsnefnd Árneseinga: Haustfundur 17.-18. október.
- q. Aðalfundur SASS 24.-35. október.
- r. Umhverfisstofnun: Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndanefnda sveitarfélaga 24. október.
- s. Markaðsstofa Suðurlands: Uppskeruhátíð Markaðsstofu 21. nóvember.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Gjaldskrá gatnagerðargjalda á Flúðum. (Seinni umræða)**

Oddviti lagði fram nýja gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld á Flúðum til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir nýja gjaldskrá og felur sveitarstjóra að láta auglýsa hana í B-deild stjórnartíðinda. Með nýrri gjaldskrá verða lág- og hámerk gatnagerðargjalda færð til sömu fjárhæðar og var sett skv. eldri gjaldskrá á árinu 2007. Það hefur þær afleiðingar að gjaldskráin lækkar til viðbótar fyrri lækkun á árinu 2011 um 20% að jafnaði.
2. **SASS þing: Kosning fulltrúa.**

Árþing SASS verður haldið á Hótel Heklu 24. og 25. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á árþingi SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Ragnar Magnússon, Unnsteinn Eggertsson og Bjarney Vignisdóttir en til vara Halldóra Hjörleifsdóttir og Esther Guðjónsdóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri og til vara Ragnar Magnússon.
3. **Umhverfisstofnun: Samræmd flokkun heimilisúrgangs, könnun.**

Oddviti kynnti erindi frá Umhverfisstofnun um að kanna vilja sveitarfélaga og rekstraraðila til að koma á samræmdri flokkun heimilisúrgangs á landsvísu. Sveitarstjórn styður þá hugmynd eindregið að komið verði upp samræmdri flokkun heimilisúrgangs.
4. **Bakkatúnsvegur: Hugmyndir að deiliskipulagsbreytingum.**

Oddviti kynnti tvær hugmyndir að deiliskipulagsbreytingum um útfærslu á Bakkatúnsvegi. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að leita leiða til að finna lausn vegna lagningu Bakkatúnsvegar í samráði við hlutaðeigandi aðila á grundvelli framkominna hugmynda.
5. **Þjónustusamningur um snjómokstur.**

Oddviti kynnti drög að þjónustusamningi um snjómokstur og hákuvarnir á Flúðum við Fögrusteina ehf sem byggður er á grundvelli tilboðs félagsins í þjónustuna. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
6. **Sameiginlegt tæknivið í uppsveitum: Endurskoðun samnings.**

Oddviti kynnti málið. Samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps átti að taka ákvörðun um framhald verkefnisins í september s.l. Fundað hefur verið um samstarfið og er lagt til að því verði framhaldið. Sveitarstjórn samþykkir

fyrir sitt leyti að halda þessu verkefni áfram með það í huga að nýr samningur verði lagður fram til afgreiðslu fyrir lok þessa árs.

7. **Motus: Endurnýjun á samningi um innheimtupjónustu.**
Oddviti kynnti endurnýjaðan samning við Motus um innheimtu. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
8. **Málefni Kjalarsvæðisins.**
Oddviti kynnti bókun Sveitarstjórnar Húnavatnshrepps vegna Kjalarsvæðisins og minnisblað frá Bláskógabyggð vegna Kjalvegar frá 24. september s.l. Sveitarstjórn er fús til samstarfs um Kjalarsvæðið og styður allar góðar hugmyndir um uppbyggingu Kjalvegar sem er grundvöllur undir frekari uppbyggingu á svæðinu. Sveitarstjórn skorar því á Innanríkisráðherra og Vegagerð ríkisins að taka uppbyggingu Kjalvegar inn á vegaáætlun.
9. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að afloknu fæðingarorlofi.**
Oddviti kynnti umsögn um tillögu til þingsályktunar um leikskóla að afloknu fæðingarorlofi.
10. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjur af orkuauðlindum.**
Oddviti kynnti umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjur af orkuauðlindum.
11. **Leppistungur: Leigusamningur við Suðurnesjadeild ferðaklúbbsins 4x4.**
Oddviti kynnti framkvæmdaáætlun og drög að leigusamningi við Suðurnesjadeild ferðaklúbbsins 4x4 og um afnot og uppbyggingu að skála í Leppistungum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
12. **Umhverfisstofnun: Fyrirhuguð friðlýsing Gýgjarfossvirkjunar.**
Oddviti kynnti erindi frá Umhverfisstofnun vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar Gýgjarfossvirkjunar vegna röðunar hennar í verndarflokk í rammaáætlun. Sveitarstjórn samþykkir að funda með Umhverfisstofnun vegna málsins.
13. **Ár Fjalla-Eyvindar.**
Oddviti fór yfir að á árinu 2014 eru 300 ár liðin frá fæðingu Fjalla-Evindar frá Hlíð í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að fela ferða- og menningarmálanefnd að gera tillögu til sveitarstjórnar hvernig best væri að gera þessum atburði góð skil á næsta ári.
14. **Breytingar í sveitarstjórn: Lausnarbeiðni.**
Oddviti kynnti beiðni Gunnars Þór Jóhannessonar um lausn frá setu í sveitarstjórn og skólanefnd vegna búferlaflutnings úr sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vill þakka Gunnari Þór góð störf fyrir sveitarfélagið og óskar honum alls hins besta í framtíðinni. Bjarney Vignisdóttir tekur þá sæti sem aðalmaður í sveitarstjórn og skólanefnd.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. **Veitustjórn: 28. fundur nefndarinnar frá 23. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 28. fundar veitustjórnar en þar var farið yfir 8 mánaða uppgjör Hitaveitunnar, endurnýjun á samningi við Motus/Lögheimtuna um innheimtur, lokunaraðgerðir vegna ógreiddra reikninga, farið fyrir stöðu framkvæmda og búnað í hreinsistöð. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
16. **Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar vegna Undralands frá 25. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar vegna leikskóla en þar var farið yfir skýrslu leikskólustjóra, ársskýrsla 2012-2013 lögð fram til kynningar, starfsáætlun og skólanámskrá kynnt, farið yfir vinnu við skólastefnu, rætt um stofnunar skólabjónustu Árnepings og viðhaldsmál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
17. **Skólanefnd: Fundargerð 24. fundar vegna Flúðaskóla frá 25. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 24. fundar vegna Flúðaskóla en þar var farið yfir skýrslu skólustjóra, málefni skólabjónustu Árnepings, farið yfir vinnu við skólastefnu og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

18. Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar vegna æskulýðsmála frá 25. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar vegna æskulýðsmála en þar var fjallað um starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

19. Vinnuhópur um safnamál í Uppsveitum Árnessýslu. Fundur frá 24. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps um safnamál í Uppsveitum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

20. 63. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 19. september s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 22. ágúst til 18. september 2013.

Mál nr. 8: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa fram til 18. september 2013.

Mál nr. 10: LB_Miðfell 1 lóð 2 lnr. 200316.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að stofnuð verði 1.230 fm lóð undir skemmur úr landi Miðfells 1, lóð 2 lnr. 200316 með vísun í 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhugað er að fjarlægja skemmuna. Fyrirvari er gerður um lagfæringu gagna í samræmi við ábendingar skipulagsfulltrúa og samþykki eigenda aðliggjandi lands á hnitsetningu landamarka.

Mál nr. 19: Dsk Ásgarði Kerlingarfjöllum – hálendismiðstöð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir auglýsta deiliskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu með fyrirvara um umsögn Samgöngustofu (Flugmálastjórnar).

Mál nr. 26: Endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Sveitarstjórn tekur undir umsögn skipulagsnefndar um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

21. Svæðisskipulagsnefnd: Fundargerð svæðisskipulagsnefndar vegna svæðisskipulags Uppsveita frá 9. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar svæðisskipulagsnefndar. Þar var farið yfir næstu skref vegna þessa verkefnis. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

22. Velferðarnefnd Árneshings: 18. fundur Velferðarnefndar Árneshings frá 25. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar velferðarnefndar. Þar var fjallað um fundargerðir teymisfundar og barnaverndarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

23. Velferðarnefnd Árneshings: 19. fundur Velferðarnefndar Árneshings frá 28. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og starfsáætlun 2013. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

24. Velferðarnefnd Árneshings: 20. fundur Velferðarnefndar Árneshings frá 25. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og greinargerð vegna fjárhagsáætlunar 2014. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Önnur mál:

25. Velferðarráðuneytið: Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma.

Oddviti kynnti áform Velferðarráðuneytisins um sameiningu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við þessi áform svo framarlega að þau leiði til betri þjónustu á svæðinu.

26. Málefni sjúkraflutninga á Suðurlandi.

Oddviti fór yfir málefni sjúkraflutninga á Suðurlandi en nú hefur verið tilkynnt að aðeins einn sjúkrabíll verður til taks á næturvöktum frá áramótum. Sveitarstjórn telur að með þessu sé öryggi íbúa og gesta á Suðurlandi stórlega skert og stefnt í voða svo ekki verið við unað. Jafnframt beinir sveitarstjórn því til heilbrigðisráðherra og forsvarsmanna HSu hvort ekki sé tækifæri til að skoða annað rekstarfyrirkomulag sjúkraflutninga á svæðinu.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: Fundargerð 469. fundar stjórnar frá 20. september.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- b. **Tónsmiðja Suðurlands: Nemendalisti.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Tónlistarskóli Árneseinga: Nemendafjöldi.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 808. fundar stjórnar frá 13. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Fjármála og efnahagsráðuneytið: Óskað eftir tilnefningum til nýsköpunarverkefna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 14. stjórnarfundar frá 28. ágúst.**
- g. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Skjalavarsla sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Landsnet: Þjóhagslegt gildi uppbyggingar flutningskerfis Landsnets.**
- i. **EBÍ: Ágóðahlutagreiðsla 2013.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Markaðsstofa Suðurlands:Framvinduskýrsla.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Samningar sveitarfélaga og Fjölís.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Menntamálaráðuneytið: Könnun vegna sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Innanríkisráðuneytið: Lögfesting Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- n. **Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2. október.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Fjármálaráðstefna sveitarfélanna 3.-4. október.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Héraðsnefnd Ársneseinga: Haustfundur 17.-18. október.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Aðalfundur SASS 24.-35. október.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Umhverfisstofnun: Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndanefnda sveitarfélaga 24. október.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Markaðsstofa Suðurlands: Uppskeruhátíð Markaðsstofu 21.nóvember.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12.00